



## Loftslags- og umhverfisstefna

Stefna Orkusölnunnar er að hafa jákvæð áhrif á umhverfið með framleiðslu og sölu á 100% endurnýjanlegri raforku. Orkusalan ætlar að vera virkur þátttakandi í orkuskiptum með áherslu á sjálfbæra orkuvinnslu og uppbyggingu hleðsluinnviða um allt land.

Starfsemi Orkusölnunnar fer fram í samræmi við vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001. Við tryggjum að lagalegum og siðferðilegum skyldum sé fylgt og leggjum áherslu á stöðugar umbætur í umhverfis- og loftslagsmálum. Orkusalan skuldbindur sig til að koma í veg fyrir mengun, vernda umhverfið og draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar.

Stefnan tekur mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda í tengslum við Parísarsamninginn og framtíðarsýn um kolefnishlutleysi.

### Markmið og áætlun

Markmið Orkusölnunnar fram til ársins 2030 er draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% miðað við árið 2018. Áhersla verður lögð á þá losun sem félagið hefur stjórn á. Til að ná því markmiði hefur Orkusalan skuldbundið sig til að framfylgja loftslags- og umhverfisáætlun félagsins en þar eru markmiðin og aðgerðirnar skilgreind sérstaklega og snúa að eftirfarandi þáttum.

- Samgöngur
- Notkun jarðefnaeldsneytis
- Orka
- Úrgangur
- Sjálfbær nýting auðlinda
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna og verktaka
- Innkaup
- Kolefnisbinding

### Samþykkt

Samþykkt af stjórn Orkusölnunnar 27.01.2026